Sniðmát 2: Áhættumat á vinnslu sjúkraskráruppl ýsinga

Sniðmát fyrir sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsmann eða smærri starfsstofu

Starfsstofa: **[heiti]**
Framkvæmt af: **[nafn ábyrgðaraðila]**
Dagsetning: **[ÁÁÁÁ-MM-DD]**
Útgáfa: **1.0**
Næsta endurskoðun: **[dagsetning, að lágmarki árlega]**

Áhættumat er hluti af öryggiskerfi ábyrgðaraðila, sbr. 6. gr. reglugerðar nr. 550/2015 um sjúkraskrár og kafla 4.4 í fyrirmælum landlæknis um öryggi og gæði sjúkraskráa. Það er jafnframt grundvöllur þess að öryggisráðstafanir séu í samræmi við áhættu, sbr. 32. gr. reglugerðar (ESB) 2016/679, sbr. lög nr. 90/2018. Matið á að endurspegla raunverulegar aðstæður starfsstofunnar.

Notkun og varðveisla. Vinnið í eigin afriti af sniðmátinu. Þegar matið er endurskoðað er útgáfunúmer hækkað, breytingin skráð í breytingasögu aftast, matið undirritað og vistað sem PDF með útgáfu og dagsetningu í heiti, t.d. „Áhættumat 1.1 2026-11-03.pdf“. Eldri útgáfur eru varðveittar. Undirritun getur verið rafræn, eða nafn og dagsetning.

Gervigreind. Nota má gervigreind við að fylla út og viðhalda skjalinu, en ábyrgðaraðili fer sjálfur yfir efnið, metur það og ber ábyrgð á því. Setjið hvorki persónuupplýsingar sjúklinga né aðgangsorð inn í gervigreindarþjónustu nema hún vinni gögnin samkvæmt vinnslusamningi og noti þau ekki til að þjálfa líkön. Sjá nánar leiðbeiningar um stafræn sjúkraskrárkerfi.

---

1. Yfirlit yfir vinnsluna

Atriði	Lýsing
Tegund starfsemi	[t.d. sálfræðiþjónusta á eigin stofu]
Fjöldi sjúklinga (áætlaður)	[t.d. um 50 virkir, um 300 í sjúkraskrá]
Sérstaklega viðkvæmar upplýsingar	[t.d. geðheilsa, fíkn, kynheilbrigði]
Sjúkraskrárkerfi og kerfisveita	[heiti]
Hýsingaraðili og hvar gögnin eru hýst	[heiti, land]
Aðrir sem hafa aðgang að gögnunum	[t.d. kerfisveita, tölvuþjónusta, móttökuritari]
Samtenging við önnur kerfi	[nei, eða hvaða]

2. Mat á áhættu

Hver áhættuþáttur er metinn á tveimur kvörðum:

- **Líkur:** Litlar, Miðlungs eða Miklar.
- **Afleiðingar:** Litlar, Miðlungs eða Miklar, fyrir sjúklinga og fyrir starfsemina.

Niðurstaðan ræðst af hvoru tveggja. Áhætta er **mikil** ef annar þátturinn er mikill og hinn miðlungs eða meiri, **lítil** ef báðir eru litlir eða annar lítill og hinn miðlungs, en annars **miðlungs**.

Taflan sýnir algenga áhættuþætti. Dálkarnir um líkur, afleiðingar og ráðstafanir eru tómir og þarf að meta þá miðað við aðstæður starfsstofunnar. Bætið við þáttum sem eiga við.

#	Áhættuþáttur	Líkur	Afleiðingar	Áhætta	Núverandi ráðstafanir	Þarf úrbætur?
1	Óviðkomandi kemst inn á aðgang notanda, t.d. með stolnu lykilorði					
2	Starfsmaður flettir upp í sjúkraskrá án þess að annast sjúklinginn					
3	Búnaður tapast eða er stolið					
4	Gagnagíslataka eða annar spillihugbúnaður á búnaði starfsstofunnar					
5	Sjúkraskrárkerfið er óaðgengilegt í lengri tíma					
6	Gögn glatast og ekki er unnt að endurheimta þau					
7	Upplýsingar sendar röngum viðtakanda					
8	Starfsmenn kerfisveitu eða tölvuþjónustu nálgast gögn umfram þörf					
9	Gögn eru hýst eða aðgengileg utan EES án viðunandi grundvallar					

#	Áhættuþáttur	Líkur	Afleiðingar	Áhætta	Núverandi ráðstafanir	Þarf úrbætur?
10	Kerfisveita hættir rekstri eða gögn fást ekki flutt út við lok samnings					
11	Hugbúnaður eða búnaður sem ekki fær lengur öryggisuppfærslur					
12	Aðgangi fyrrverandi starfsmanns ekki lokað					
13	Beiðnir sjúklinga um afrit eða leiðréttingu ekki afgreiddar í tæka tíð					
14	Gervigreind notuð við skráningu eða ákvarðanir án þess að vitað sé hvert gögnin fara eða hvort niðurstöður séu réttar					
15	[annað]					

3. Áætlun um úrbætur

Fyrir hvern þátt sem þarf úrbætur:

#	Úrbót	Tímamörk	Ábyrgð

4. Niðurstaða

Heildaráhætta starfseminnar er metin **[lítil / miðlungs / mikil]**.

Mat á áhrifum á persónuvernd (MÁP): Vinnsla heilsufarsupplýsinga einstaks heilbrigðisstarfsmanns telst að jafnaði ekki umfangsmikil, sbr. formálsorð 91 í reglugerð (ESB) 2016/679, og krefst því að jafnaði ekki sérstaks MÁP skv. 35. gr. hennar, sbr. 29. gr. laga nr. 90/2018. Merkið við það sem á við:

- ☐ MÁP er ekki talið nauðsynlegt.
- ☐ MÁP hefur verið gert og fylgir þessu mati, t.d. vegna samtengingar, notkunar gervigreindar eða umfangs.

5. Endurskoðun

Áhættumatið er endurskoðað:

- að lágmarki árlega,
- þegar verulegar breytingar verða á starfsemi, sjúkraskrárkerfi, kerfisveitu eða hýsingu,
- eftir alvarlegt atvik.

6. Breytingasaga

Útgáfa	Dagsetning	Breytingar	Samþykkt af
1.0	[ÁÁÁÁ-MM-DD]	Fyrsta mat	[nafn]

7. Undirskrift

Ábyrgðaraðili: _____

Dagsetning: _____

Sniðmát þetta fylgir leiðbeiningum Stafrænnar heilsu og embættis landlæknis um stafræn sjúkraskrárkerfi. Það er ráðgefandi. Aðrar útfærslur sem uppfylla sömu kröfur eru jafngildar.